

Föstudaginn 29. nóvember 1963.

Nr. 6/1963. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Landssambandi íslenzkra útvegsmanna
vegna Guðmundar Jónssonar
(Guðmundur Ásmundsson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Kjarasamningar. Skorið úr ágreiningi um gildi kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi, með stefnu, dags. 18. október s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og Sjómannafélags Miðneshrepps gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Guðmundar Jónssonar vegna Útgerðarstöðvar Guðmundar Jónssonar Sandgerði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

- 1) að dæmt verði, að kjarasamningur milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Sjómannasamtakanna innan Alþýðusambands Íslands, dags. 13. júní 1958 með breytingum 15. maí 1959, hafi gilt að því er varðar stefnda Guðmund Jónsson og alla vélbáta hans á sildveiðum fyrir norðurlandi sumarið 1962 og á öllum sildveiðum síðan, hvar sem þær hafi verið stundaðar og sé enn í gildi milli aðilja þessa máls.
- 2) að öll reikningsskil við skipverja á bátum þeim, sem stefndi Guðmundur Jónsson hefur gert út til sildveiða á áðurgreindu tímabili og gerir enn út til sildveiða, skuli miðast við skiptagrundvöll framangreinds kjarasamnings, en bátar Guðmundar Jónssonar, þeir er hér um ræðir, séu Sigurpáll GK. 375, Viðir II GK. 275, Jón Garðar GK. 510, Mummi II GK. 21 og Freyja GK. 110

og, að því er varðar sumarsildveiðar 1962, Mummi GK. 120.

- 3) að stefnda Guðmundi Jónssyni sé dæmt skylt að láta skrá áhafnir á skip sin til sildveiða samkvæmt framangreindum kjarasamningi frá 13. júní 1958 með breytingum frá 15. maí 1959.
- 4) að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

I.

Málavextir eru þessir:

Svo sem nánar er rakið í dómi Félagsdóms í málinu nr. 10/1962, uppkv. 18. janúar þ. á., gekk Landssamband íslenskra útvegsmanna til samninga við svonefnd „Sjómannasamtökin innan ASÍ“ um kaup og kjör sjómanna á sildveiðum. Voru samningar milli þessara aðilja undirritaðir 13. júní 1958 og tekið fram í niðurlagi þess samnings, að „þótt samningur þessi sé gerður og undirritaður sameiginlega fyrir öll þau félög, sem að honum standa, skal hvert félag fyrir sig teljast sérstakur samningsaðili“. Því næst er því og lýst í áður nefndum dómi, að Landssamband íslenskra útvegsmanna sendi samninginn til allra félagsdeilda sinna og einstakra félagsmanna, sem ekki voru í neinu útvegsmannafélagi og óskaði staðfestingar á honum.

Á sama hátt tilkynnti Alþýðusamband Íslands vegna „Sjómannasamtakanna innan ASÍ“ sambandsfélögum sínum hina nýju samningsgerð. Tóku allir aðiljar, er hlut áttu að máli athugasemdalaust við samningnum og fóru eftir honum í verki sumarið 1958. Á næsta ári var þessi samningur svo endurnýjaður með lítilsháttar breytingum, 15. maí 1959, og var sú samningsgerð tilkynnt á sama hátt og árið áður án athugasemda frá útvegsmannafélögunum, einstökum útvegsmönnum eða verkalýðs- og sjómannafélögunum. Var því næst farið eftir þessum samningum árin 1959, 1960 og 1961, m. a. að því er þá báta varðaði,

sem gerðir voru út frá Sandgerði í Miðneshreppi. Var ekki um aðra samninga um kaup og kjör á sildveiðum að ræða þessi ár, þegar frá eru skildir Vestfirðir og Vestmannaeyjar, en nefndir samningar náðu eigi til þeirra.

Í marzmánuði 1961 sagði Landssamband íslenzkra útvegsmanna upp framangreindum kjarasamningum og var þeirri uppsögn, sem send var Alþýðusambandi Íslands beint til „Sjómannasamtakanna innan ASÍ“. Á þá uppsögn reyndi þó eigi, því enn var farið eftir nefndum samningi sumarið 1961, en með dómi Félagsdóms uppkv. 6. júní 1962, (málið nr. 2/1962) var framangreind uppsögn dæmd ógild. Var sú niðurstaða á því byggð, að samkvæmt samningunum frá 1958 og 1959 hefðu útvegsmenn eða útvegsmannafélög þurft að beina uppsögnum sínum gegn verkalýðsfélögum þeim, er hlut áttu að máli, og því eigi nægilegt að uppsögn væri beint til „Sjómannasamtakanna innan ASÍ“, sem voru laus og óformbundin samtök nokkurra verklýðsfélaga um að standa saman að kjarasamningum við Landssamband íslenzkra útvegsmanna.

Með framangreindum dómi Félagsdóms 18. janúar s.l. var dæmt, að stofnast hefði kjarasamningur milli Landsambands íslenzkra útvegsmanna og Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps með þeim skriflegu samningum, sem undirritaðir voru 13. júní 1958 og 15. maí 1959, og eftirfarandi undantekningarlausri framkvæmd þeirra og samþykki í reynd af hálfu útvegsmannafélaga og einstakra félagsmanna innan samtaka L. Í. Ú. Var þessi niðurstaða nánar skýrð og staðfest í dómi Félagsdóms í málinu nr. 3/1963, uppkveðnum 11. júlí s.l., sem féll á þá lund, að einstaklingur, er útgerð rak í Sandgerði og var beinn félagsmaður í L. Í. Ú., væri bundinn framangreindum kjarasamningum við Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps, þar sem samningunum hefði eigi verið sagt upp gagnvart því félagi.

II.

Um aðstöðu Guðmundar Jónssonar, stefnda í þessu máli, er þetta komið fram:

Guðmundur Jónsson er sjálfur búsettur að Rafnkelsstöðum í Gerðahreppi, sem er á félagssvæði Verkalýðs- og sjómannafélags Gerðahrepps. Hann er jafnframt félagsmaður í Útvegsmannafélagi Gerðahrepps, sem er í Landssambandi íslenskra útvegsmanna, en Guðmundur er ekki talinn vera beinn félagi í L. Í. Ú., en svo hefur því verið háttað um suma aðra útvegsmenn.

Ekki hafa komið fram gögn um það, að Guðmundur Jónsson reki útgerð frá heimilissveit sinni Gerðahreppi. Þó munu einhverjir báta hans skráðir þar. Samkvæmt vottorði formanns Verkalýðs- og sjómannafélags Gerðahrepps, dags. 10. október þ. á., hefur það félag ekki gert neina samninga við Útvegsmannafélag Gerðahrepps s.l. 10 ár. Var síðasti samningur þeirra í milli gerður 6. febrúar 1953. Segir formaðurinn í þessu sama vottorði, að skráð hafi verið á skip úr Gerðahreppi upp á gildandi kjör í nágrannaverstöðvunum svo sem Sandgerði og Keflavík. Þá er og enn sagt í þessu sama vottorði, að síðastnefnt verkalýðsfélag hafi „ekki gert neina samninga við Guðmund Jónsson á Rafnkelsstöðum varðandi kjör sjómanna, hvorki á sildveiðum né öðrum veiðum, enda er Guðmundur með allan sinn rekstur í Sandgerði.“

Sveitarstjóri Miðneshrepps hefur samkvæmt dómi Félagisdóms, uppkv. 20. maí þ. á., vottað, að Guðmundur Jónsson, hafi með höndum eftirtalinn atvinnurekstur í Sandgerði:

1. Bátarekstur í meira en tvo tugi ára.
2. Hraðfrystihús frá árinu 1959.
3. Salfiskvinnslu frá árinu 1956.
4. Skreiðarverkun frá árinu 1956.
5. Sildarverkun frá árinu 1956.
6. Beinamjölsverksmiðju frá árinu 1959.
7. Sildarverksmiðju frá áramótum 1963.

Þessar upplýsingar koma heim við þá staðreynd, að Guðmundur hefur á undanförnum árum gert kjarasamninga við Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps. Má þar nefna samning um kjör sjó- og landmanna við vélbáta á linuveiðum í Sandgerði árið 1956 og 1957, samning um

kjör á þorskveiðum 1959, samning um kaup og kjör verkafólks árið 1961. Þá hefur hann og hinn 1. febr. 1962 samið um ákvæðisvinnu við áhnýtingu, uppsetningu á línu og beitingu, og 30. október s. á. gerir hann samning um kjör sjó- og landmanna við vélbáta á línu og þorsknetjaveiðum frá Sandgerði og nær sá samningur einnig til botnvörpu, dragnóta og humarvörpuveiða. Í vottorði lögskráningarstjórans í Sandgerði, dags. 15. maí 1963, segir, að frá því að Guðmundur Jónsson Rafnkelssstöðum hóf útgerð í Sandgerði hafi að jafnaði verið lögskráð þar á báta hans, að því undanskildu, að eigi hafi þar verið lögskráð á m/b Jón Garðar GK. 510 til sumar- og haustsildveiða árið 1962, og eigi heldur á v/b Víði GK. 275 til haustsildveiða 1962. Þá er og svo að sjá, að reikningskil við skipverja séu gerð á eyðublöð, sem bera yfirskriftina „Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar Sandgerði“.

Samkvæmt gögnum málsins og málf lutningi er fram komið, að Guðmundur Jónsson muni í einu og öllu hafa farið eftir kjarasamningunum frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959, að því er varðar kjör og reikningskil til skipverja sinna á sildveiðum árin 1958 til 1961, að þeim báðum meðtöldum. Við upphaf sumarsildveiða 1962 er hins vegar komið til deilu um það, hvort nefndir sildveiðisamningar séu enn í gildi eða hvort um kjör háseta eigi þá að fara eftir ákvæðum gerðardóms þess, sem lögskipaður var í júní 1962. Og þegar lögskráð er á Freyju GK. 110 25. júní 1962 er svo mælt í skipshafnarskrá, að ráðningarkjörin séu óákveðin. Sama máli gegndi um m/b Víði II GK. 275, en á hann var skráð til sumarsildveiða 24. ágúst 1962. Á m/b Mumma GK. 120 er skráð sama dag til sömu veiða og segir þar, að skráð sé „Samkvæmt væntanlegum samningi eða því sem réttara kann að reynast.“

Hinn 20. nóvember 1962 tókust samningar um kaup og kjör á sildveiðum milli Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna 9 útvegsmannafélaga annars vegar og 10 stéttarfélaganna sjómanna hins vegar. Voru hvorki Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps né Verkalýðs- og

sjómannafélag Gerðahrepps aðiljar að þessum samningi og eigi heldur Útvegsmannafélag Gerðahrepps eða Guðmundur Jónsson persónulega. Hann gerði þó út skip til sildveiða á haust- og vetrarvertíð. Er skráð á vélbát hans Freyju GK 110 hinn 22. nóv. 1962. Segir svo um kjör háseta við skráningu: „Samkvæmt samningum L. Í. Ú. og samninganefndar sjómannafél.samtakanna gerðum 18/11 (svo) 1962. Verði samið um hærri prósentu milli Verkalýðsfél. Gerðahr. og útvegsmannafél. Gerðahrepps skulu þeir samningar gilda frá þessum degi.“ Samkvæmt vottorði lögskráningarstjórans í Miðneshreppi hefur þetta sama haust verið skráð á m/b Mumma II GK. 21 með sömu kjörum og m/b Freyju GK. 110, en skipshafnarskrá þess báts hefur eigi verið lögð fram í máli þessu og því eigi vitað, hverjir á þann bát voru skráðir eða hvort meðal þeirra voru félagsmenn úr Verkalýðs- og sjómannafélagi Miðneshrepps. Síðast nefnt félag taldi Guðmundi Jónssyni eigi heimilt að byggja ráðningarsamninga við háseta á ákvæðum kjarasamningsins frá 20. nóv. 1962 og kom til átaka milli þessara aðilja út af þessum málum snemma á s.l. vori í sambandi við skráningu skipshafnar á m/b Sigurpáli GK. 375, en á það skip var lögskráð í Hafnarfirði hinn 23. apríl og skyldu umsamin kjör vera: „samkvæmt samningi“. Degi síðar var lögskráð á m/b Viði II GK. 275 í Sandgerði og um ráðningarkjör vísað til þess, að ráðningarkjörin verði þau sömu, og hjá Sigurpáli („sbr. Skráningin 23/4 1962“). Boðaði verkalýðsfélagið til vinnustöðvunar hjá Guðmundi Jónssyni í byrjun s.l. maímánaðar í því skyni að knýja hann til að fylgja ákvæðum kjarasamninganna frá 1958 og 1959 við lögskráningu á skip sín og reikningsskil. Sú vinnustöðvun var hins vegar dæmd ólögmet sbr. dóm Félagsdóms 20. maí þ. á., þar sem samningsaðstaða Guðmundar væri eigi svo tvímællalaus og skýlaus samkvæmt áður nefndum dómi Félagsdóms frá 18. janúar þ. á., að verkalýðsfélaginu væri á þeim grundvelli heimilt að heita hann vinnustöðvun til þess að knýja hann til ákveðinna ráðstafana.

III.

Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu á þeim rökum, að Guðmundur Jónsson hafi á undanförnum árum rekið umfangsmikla útgerð í Sandgerði í Miðneshreppi undir nafninu „Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar Sandgerði“, sé hann með allan atvinnurekstur sinn á þessum stað, sem sé á félagssvæði Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps. Hafi fyrirtæki Guðmundar í Sandgerði í einu og öllu farið eftir gildandi kjarasamningum nefnds félags bæði á sjó og landi. Þannig hafi hann einnig í öllu fylgt kjarasamningunum frá 1958 og 1959 um sildveiði kjörin, en þeir samningar hafi með dómi Félagsdóms 18. jan. 1963 verið taldir gilda milli nefnds félags og Landsambands islenzkra útvegsmanna á sildveiðum fyrir Norðurlandi sumarið 1962 og séu þá enn í gildi, þ. e. í janúar 1963. Telur stefnandi, að þessi dómur sé einnig bindandi að því er varðar Guðmund Jónsson eins og atvinnurekstri hans í Sandgerði sé háttað, en samningum þessum hafi eigi enn verið sagt upp að því Guðmund varðar, og séu þeir því enn í gildi. Skipti hér eigi máli, þótt Guðmundur sé félagismaður í Útvegsmannafélagi Gerðahrepps, því það félag hafi eigi gert neina kjarasamninga um sildveiðikjör við Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps frá því á árinu 1953. Þá sé og á það að líta, að hvorugt nefndra félaga hafi gerzt aðiljar að kjarasamningunum frá 20. nóv. 1962 og eigi heldur einstakir útvegsmenn í Sandgerði, er fyrst hafi samið um þau kjör með samningi við Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps 23. maí s.l. Heldur stefnandi því fram, að Guðmundur Jónsson sé að öllu leyti í atvinnurekstri sínum bundinn kaup- og kjarasamningum þeim, er gilda í Sandgerði, útgerðarstað skipa hans, hvar sem á þau sé annars skráð og hvar sem þau fljóti fyrir landi. Eru hinar viðtæku kröfur stefnanda á þeim grundvelli reistar.

Stefndi hefur eindregið mótmælt þessum rökum og skilningi stefnanda. Heldur hann því fram, að Guðmundur Jónsson hafi aldrei gerzt aðili að oftnefndum kjarasamningum frá 1958 og 1959. Félag hans, Útvegsmanna-

félag Gerðahrepps, hafi eigi gengið til samninga í þeim efnum við neitt verkalýðsfélag og eigi komi til álita, að það verði talið gagnaðili Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps, og þá ekki heldur félagsmaður þess, Guðmundur Jónsson. Haggi það engu í þessu sambandi, þótt hann hafi annars gert ýmsa kjarasamninga við Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps, en af eðlilegum ástæðum sé hann viðsemjandi þess félags um kjör landverkafólks vegna atvinnureksturs síns í Sandgerði. Þá heldur stefndi því og eindregið fram, að eigi skipti hér máli, þótt Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps hafi eigi á næstliðnum árum haft afskipti af kjörum sjómanna á síldveiðum. Og þótt Guðmundur Jónsson hafi látið lögskrá á báta sína árin 1958—1961 samkvæmt ákvæðum oftnefndra kjarasamninga frá 1958 og 1959, þá hafi hann eigi fyrir þær sakir orðið bundinn við þá samninga lengur en til loka þess veiðitímabils, sem um var að ræða hverju sinni. Af þessum atriðum öllum leiði, að um kjör á síldveiðibátum hans sumarið 1962 hafi átt að fara eftir úrskurði gerðardóms í síldveiðideilunni það sumar. Um haustið 1962 hafi verið skráð á báta Guðmundar samkvæmt kjarasamningum frá 20. nóvember 1962 og sé Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps eigi á neinn hátt þess um komið að ógilda þá skipsrúmssamninga, er gerðir hafa verið á þeim grundvelli. Loks mótmælir stefndi því, að Guðmundur Jónsson geti, hvernig sem á mál þessi sé lítið, verið bundinn af kjarasamningunum frá 1958 og 1959 eftir að þeim samningum hafi nú verið sagt upp af hálfu Landsambands íslenzkra útvegsmanna hinn 28. marz 1963 að því er varðar félagsmenn sambandsins í Sandgerði og þeir því næst gert nýjan samning um síldveiðikjörin, dags. 23. maí 1963, en með honum sé að öllu leyti samið við Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps um sömu kjör og ákveðin voru með áðurnefndum síldveiðisamningi frá 20. nóv. 1962. Loks mótmælir stefndi því eindregið, að kjarasamningur Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps eigi að skera úr um það að öllu leyti, við hvaða ráðningarkjör hásetar á skipum Guðmundar

Jónssonar búi, hvaðan sem þeir kunna að vera og hvar sem skipin eru skráð og hvar sem þau stunda veiðar eða leggja á land. Bendir stefndi á, að mikill hluti af sildar-aflla skipa Guðmundar sé einmitt lagður á land annars staðar en í Sandgerði.

IV.

Svo sem vikið er að í II hér að framan dæmði Félagsdómur hinn 18. janúar þ. á. í málinu nr. 10/1962, að stofnast hefðu gildir og bindandi kjarasamningar milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps með oftnefndum sildveiðikjarasamningum frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959 og hefðu þessir samningar verið í gildi milli nefndra aðilja á sildveiðunum sumarið 1962, þar sem þeim hafði eigi verið sagt upp með gildri uppsögn. Samkvæmt þeirri meginreglu, sem nefndur dómur var byggður á, dæmði Félagsdómur því næst hinn 11. júlí s.l. (í málinu nr. 3/1963) að einstakir félagsmenn innan L. Í. Ú., er útgerð ráku í Sandgerði, væru, sem aðiljar að þeim félagsskap og eins og sanningsgerð var háttað, bundnir við framangreinda kjarasamninga meðan þeim hefði eigi verið sagt upp.

Það er uppkomið, svo sem þegar hefur verið lýst, að Guðmundur Jónsson rekur umfangsmikla útgerðarstarfsemi í Sandgerði á félagssvæði Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps, en að hann hefur eigi s.l. 10 ár bundist neinum þeim kjarasamningum við Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps, er markað geti sanningslega aðstöðu um sildveiðikjör skipverja á skipum hans. Telja verður, að félagsleg afstaða Guðmundar til L. Í. Ú. hafi leitt til þess, að hann, sem aðrir félagar sambandsins, hafi orðið bundinn við kjarasamningana 1958 og 1959 og hefur eigi verið sýnt fram á, að um hann hafi í þeim efnun gilt aðrar reglur en um sambandsfélaga hans aðra. Samkvæmt því verður að telja, að hann hafi, eins og útgerðarstarfsemi hans var háttað og með tilliti til staðsetningar hennar í Sandgerði, orðið skuldbundinn til að fylgja á-

kvæðum þessara oftnefndu samninga um sildveiðikjörin í skiptum sínum við Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps og félagsmenn þess, unz þeir féllu niður fyrir uppsögn eða með öðrum hætti. Má í þessu sambandi benda á það, að í viðskiptareikningi háseta af v/b Freyju GK. 110, sem stundaði sildveiðar sumarið 1962, er það „Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar, Sandgerði“, sem skilin gerir við hásetana. Og þar sem fram kemur af skipshafnar-skrám, að sjómenn frá Sandgerði hafi verið skráðir til sildveiða sumarið 1962 á m/b Mumma GK. 120 og m/b Viði II GK. 275, sem báðir eru eign Guðmundar, ber samkvæmt framansögðu að taka til greina þá kröfu stefnanda, að um kjör félagsmanna hans á nefndum veiðum hafi átt að fara eftir kjarasamningunum frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959.

Því er áður lýst, að hvorki Útvegsmannafélag Gerðahrepps né heldur Guðmundur Jónsson persónulega gerðust aðiljar að haustsildarveiðisamningnum frá 20. nóvember 1962, og eigi heldur Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps eða Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps. Stóðu því áfram í gildi að því er varðaði skipti Guðmundar Jónssonar og útgerðarfyrirtækja hans í Sandgerði annars vegar og Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps hins vegar, samningarnir frá 1958 og 1959 og áttu þannig kjör félagsmanna síðastnefnds félags á haust- og vetrarsildveiðum 1962—1963 að fara eftir þeim, hvað sem leið tilgreindum lögskráningarkjörum samkvæmt skipshafnarskrám á skip Guðmundar á því tímabili, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938. Verður að telja, að svo hafi staðið til 1. júní 1963, en samkvæmt uppsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna 28. marz sama ár, féllu fyrrnefndir samningar frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959 niður áður nefndan dag (1. júní) að því er varðaði félagsmenn L. Í. Ú. í Sandgerði, og verður að skýra þá uppsögn svo, að hún hafi einnig tekið til útgerðar Guðmundar Jónssonar í Sandgerði og skipa hans, er gerð voru út þaðan.

Alþýðusamband Íslands hefur höfðað mál þetta vegna Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps. Verður eigi

í þessum dómi fjallað um rétt annarra sjómanna en félagsmanna þess félags.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með skirskotun til þeirra takmarkana, er að framan greinir, ber að taka dómskröfur stefnanda til greina, að því leyti sem þær varða félagsmenn í Verkalýðs- og sjómannafélagi Miðneshrepps.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Dómsorð:

Framangreindir kjarasamningar milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og „Sjómannasamtakanna innan ASÍ“, dags. 13. júní 1958 og 15. maí 1959, giltu í samskiptum Guðmundar Jónssonar og Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps til 1. júní 1963, og er Guðmundi Jónssyni skylt að miða reikningsskil við félagsmenn nefnds verkalýðsfélags, er verið hafa hásetar á þeim skipum hans, sem stundað hafa sildveiðar til nefnds tíma, við ákvæði þeirra kjarasamninga.

Málskostnaður fellur niður.
